

Ár 2011, föstudaginn 11. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Guðrúnu Zoëga og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða launakjör staðgengils sérstaks saksóknara**

#### **I.**

Kjararáði barst bréf, dagsett í maí 2010, frá sérstökum saksóknara. Í bréfinu óskaði hann eftir að kjararáð endurskoðaði ákvörðun sína um einingar sem greiddar eru saksóknurum við embættið. Jafnframt greindi hann frá því að hann hefði ákveðið að fela einum saksóknaranna að vera staðgengill sinn og veitti hann embættinu forstöðu í fjarveru sérstaks saksóknara. Í tölvupósti til kjararáðs 11. febrúar 2011 sagði hann að sú skipan hefði tekið gildi í apríl 2010. Fyrir lægi að starfsmönnum embættisins fjölgaði mikið á næstunni eða úr 30 í 80 manns. Benti hann á að við embætti ríkissaksóknara væri sérstakur vararíkissaksóknari og gert væri ráð fyrir að við embætti héraðssaksóknara verði sérstakur varahéraðssaksóknari. Ekki væri minni þörf á að varamaður eða staðgengill stjórnanda væri við hið ört stækkandi embætti sem hann stýrði. Óskaði hann eftir að kjararáð úrskurðaði sérstaklega um kjör staðgengils og vísaði í því samhengi til úrskurða ráðsins um staðgengla ráðuneytisstjóra.

#### **II.**

Með bréfum dagsettum 21. maí 2010 var fjármálaráðuneyti, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og staðgengli sérstaks saksóknara gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum vegna málsins á framfæri við kjararáð.

Staðgengill sérstaks saksóknara svaraði með bréfi dagsettu 3. júní 2010. Sagði hann að embættið væri ört vaxandi, álag hefði verið gífurlegt á starfsmenn þess þar sem stór og yfirgripsmikil mál væru til rannsóknar. Komið hefði í ljós að styrkja þyrfti embættið mikið til þess að það kæmist yfir þau verkefni sem því væru ætluð. Væri stefnt að því að starfsmenn yrðu 80 á árinu 2011. Sú fjölgun ætti að leiða til þess að líftími embættisins yrði skemmri en ella eða fimm ár. Sérstakur vararíkissaksóknari starfaði við embætti ríkissaksóknara og gert væri ráð fyrir að við embætti héraðssaksóknara yrði varahéraðssaksóknari. Embætti sérstaks saksóknara væri mun stærra en þau embætti og því eðlilegt að þar væri staðgengill með sama hætti. Starfið kallaði á mikil alþjóðleg samskipti og nauðsynlegt væri að við embættið væri staðgengill sem stýrði daglegri starfsemi þegar hinn sérstaki saksóknari væri fjarverandi. Auk þess fylgdi meira álag stærra embætti. Væri því eðlilegt að saksóknara sem gegndi starfi staðgengils sérstaks saksóknara væri umbunað með hærri launum. Vegna hins mikla álags sem hefði verið hefðu laun starfsmanna embættisins sem ekki heyrðu undir kjararáð verið hækkuð umtalsvert. Mikið væri um kvöld-, helgar- og næturvinnu við rannsóknir og væru saksóknarar embættisins ekki undanskildir. Fyrirsjáanlegt væri að rannsóknarþunginn yrði síst minni í framtíðinni og ykist þá enn álag á saksóknara þar sem þeir væru faglegir stjórnendur. Yrði að teljast eðlilegt að saksóknurum og staðgengli stjórnanda væri umbunað í launum í samræmi við álag og ábyrgð.

Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 3. júní 2010. Í því var bent á að ákvæði um vararíkissaksóknara væri bundið í 2. mgr. 20. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Þar segi að vararíkissaksóknari skuli fullnægja sömu lagaskilyrðum og ríkissaksóknari þ.e. skilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Sambærileg ákvæði sé ekki að finna í lögum um embætti sérstaks saksóknara. Fjallað sé um staðgengla í kjarasamningum ríkisins. Almennt sé gert ráð fyrir að stofnanir skipuleggi vinnu starfsmanna sinna með þeim hætti að gert sé ráð fyrir ákveðinni verkaskiptingu við eðlileg forföll án þess að til þurfi að koma stöðu- eða launabreytingar.

Svar, dagsett 21. júní 2010, barst frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti. Í því sagði að saksóknarar færu með opinbert vald, ákærvald, og hefðu mikilvægu hlutverki að gegna fyrir hönd samfélagsins. Starfsmönnum við embætti sérstaks saksóknara hefði fjölgað frá því sem var þegar kjararáð úrskurðaði um launakjör saksóknara hjá embætti sérstaks saksóknara, auk þess sem lengd vinnudags og vinnuálag hefði aukist. Embættið gegndi afar mikilvægu hlutverki í uppgjöri vegna bankahrunsins og væri rannsóknin nauðsynlegur liður í endurreisn íslensks samfélags og mikilvægt að því yrði skapaður viðunandi jarðvegur til að starfa í. Ekki var fjallað sérstaklega um staðgengil sérstaks saksóknara í bréfinu en almennt sagði að ráðuneytið teldi að laun og launakjör saksóknara ættu að vera viðunandi og í samræmi við það starf sem innt væri af hendi og þá ábyrgð sem starfið legði viðkomandi á herðar. Að lokum benti ráðuneytið á að rétt kynni að vera að óska umsagnar setts ríkissaksóknara sem færi með málefni sérstaks saksóknara.

Kjararáð skrifaði settum ríkissaksóknara 24. júní 2010 og gaf honum kost á að tjá sig um erindi sérstaks saksóknara. Hann svaraði með bréfi dagsettu 30. júní 2010. Þar staðfesti hann að annríki á embætti sérstaks saksóknara hefði verið mjög mikið og að líkur væru á því að enn þyngdi fyrir fæti í þeim efnunum á komandi misserum. Með auknum starfsmannafjölda gengi rannsókn mála hraðar fyrir sig og yki það enn vinnuálag á saksóknurum embættisins. Hann tjáði sig ekki sérstaklega um staðgengil.

### III.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lögmaetra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gilti frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærrí en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til

nóvemberloka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008.

Kjararáð tók ákvörðun um laun saksóknara við embætti sérstaks saksóknara hinn 18. desember 2009.

Kjararáð fellst á þau sjónarmið sem sérstakur saksóknari lýsir í bréfi sínu um að í ljósi þess hve embættið hafi vaxið sé rétt að ákveða laun staðgengils sérstaklega. Við ákvörðun mánaðarlauna hans hefur kjararáð tekið mið af launum staðgengla ráðuneytisstjóra og vararíkissaksóknara, en þeir taka laun samkvæmt launaflokkum 134 og 135.

Með vísan til framanritaðs hefur kjararáð tekið ákvörðun um laun staðgengils sérstaks saksóknara sem segir í ákvörðunarorði.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð

Mánaðarlaun staðgengils sérstaks saksóknara skulu vera samkvæmt launaflokki 502-135. Að auki skal greiða honum 16 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. maí 2010.

---

Svanhildur Kaaber

---

Guðrún Zoëga

---

Jónas Þór Guðmundsson